

**ÁSBYRGISVEGUR**  
**Norðausturvegur - tjaldstæði**  
Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Janúar 2006

## EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
1.1.	ALMENNT .....	2
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR .....	2
1.3.	MATSSKYLDA .....	2
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR .....	2
1.5.	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR .....	2
1.6.	LEYFISVEITENDUR .....	3
1.7.	RANNSÓKNIR .....	3
<b>2.</b>	<b>STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI</b> .....	<b>3</b>
2.1.	STAÐHÆTTIR .....	3
2.2.	NÚVERANDI VEGUR .....	3
<b>3.</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING</b> .....	<b>4</b>
3.1.	ENDURBYGGÐUR VEGUR .....	4
3.2.	EFNISÞÖRF .....	5
3.3.	FRÁGANGUR .....	6
3.4.	VINNUBÚÐIR .....	6
<b>4.</b>	<b>ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM</b> .....	<b>7</b>
4.1.	VEGAGERÐ .....	7
4.2.	EFNISTAKA .....	7
<b>5.</b>	<b>LÝSING Á STAÐHÁTTUM</b> .....	<b>8</b>
5.1.	LANDSLAG .....	8
5.2.	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN .....	8
5.3.	JARÐMYNDANIR OG VATN .....	8
5.4.	GRÓÐURFAR OG FUGLAR .....	8
5.5.	FRIDLÝST SVÆÐI .....	9
5.6.	MENNINGARMINJAR .....	9
<b>6.</b>	<b>AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA</b> .....	<b>10</b>
<b>7.</b>	<b>NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>11</b>
<b>8.</b>	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>12</b>
<b>9.</b>	<b>TEIKNINGAR</b> .....	<b>12</b>

# 1. YFIRLIT

## 1.1. ALMENNT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna vegaframkvæmd innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Fyrirhugað er að breyta legu nyrsta hluta Ásbyrgisvegar, vegnúmer 861, og byggja nýjan veg frá Norðausturvegi skammt vestan við verslunina og inn að tjaldstæðinu í mynni Ásbyrgis. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem unnið var af svæðinu og samþykkt 30. sept 2004. Vegurinn er á þjónustusvæði þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og mun tengja saman núverandi þjónustumiðstöð í mynni Ásbyrgis, tjaldsvæði og verslun, auk þessa sem hann mun liggja að væntanlegri gestastofu, Gljúfrastofu, sem rísa á í mynni byrgisins. Lengd vegarkafans með veltengingum er 0,92 km.

Verkið verður boðið út í febrúar 2006. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2006 og standi yfir í 1-2 mánuði. Áætluð verklok eru í júní 2006.

## 1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tengja betur saman þjónustu í mynni Ásbyrgis. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn verður með bundu slitlagi og hannaður fyrir 30-50 km/klst hámarks hraða.

## 1.3. MATSSKYLDA

Matskylda framkvæmdarinnar var könnuð hjá Skipulagsstofnun í desember árið 2003, sem taldi framkvæmdina undanþegna lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

## 1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er þjóðgarðurinn og nágrenni hans. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í Kelduneshreppi.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

## 1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum er í þjóðareign og byggir skipulag og stjórnun hans á verndaráætlunum um þjóðgarðinn sem kom út árið 1997. Umhverfisstofnun fer með stjórn þjóðgarðsins en þjóðgarðsvörður fer með daglega stjórn hans. Ásbyrgi er í eigu Skógræktar ríkisins en tilheyrir þjóðgarðinum. Umhverfisstofnun leigir umrætt landssvæði af Skógrækt ríkisins. Samráð verður haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Sveitarstjórn Kelduneshrepps** varðandi framkvæmdaleyfi.
- **Umhverfisstofnun** um framkvæmdir, framkvæmdatíma, efnistöku, frágang á svæðinu og framkvæmdaleyfi.
- **Skógrækt ríkisins**

## 1.6. LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Kelduneshrepps.

Framkvæmdin liggur innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Samkvæmt 38. gr. Náttúruverndarlaga nr. 44/1999 þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

## 1.7. RANNSÓKNIR

Vegagerðin mun gera efnisrannsóknir á framkvæmdasvæðinu. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana.

# 2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

## 2.1. STAÐHÆTTIR

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Ásbyrgi, vestan Jökulsár á Fjöllum í Kelduneshreppi. Ásbyrgi er hamrakvos, um 3,5 km á lengd, rúmur 1 km á breidd og um 100 m djúp innan til. Mikill birkiskógur er um innanvert Ásbyrgi og er hann friðaður. Fyrstu tvo km er byrgið klofið af miklu strandbergi, Eyjuni, sem er um 250 breið og skiptir Ásbyrgi í tvennt. Vegur liggur inn í botn Ásbyrgis og þar er tjaldssvæði. Annað tjaldsvæði, auk þjónustumiðstöðvar er í mynni byrgisins.

Skammt austan Ásbyrgisvegur er bústaður þjóðgarðsvarðar og verslun. Enn austar er bærinn Ás, sem byrgið er kennt við.

## 2.2. NÚVERANDI VEGUR

Núverandi Ásbyrgisvegur liggur til suðurs frá Norðausturvegi, beint norðan við þjónustumiðstöðinni í Ásbyrgi, og inn að innra bílastæði í Ásbyrgi. Vegurinn allur er 3,52 km langur með bundnu slitlagi. Vegurinn frá Norðausturvegi að ytra tjaldsvæðinu, er um 570 m.

Ásbyrgisvegur er landsvegur í vegtegund D sem er 4 m breiður vegur með 0,25 m öxlum. Vegsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Meðalumferð um Norðausturveg við Ásbyrgi, að sumarlagi, var 432 bílar/sólarhring árið 2004. Sama ár var meðalumferð á Ásbyrgisvegi 246 bílar/sólarhring. Framreiknuð sumardagsumferð um Ásbyrgisveg árið 2024, 20 árum seinna, er 290 bílar/sólarhring. Meðalhlotfall þungra bifreiðar hefur ekki verið metið.

## 3. FRAMKVÆMDALÝSING

### 3.1. ENDURBYGGÐUR VEGUR


Útboðskaflinn liggur frá stöð 0, norðvestan verið verslunina, að núverandi vegi austan tjaldsvæðisins við stöð 820 (Teikning 2). Um nýtt vegstæði er að ræða, um 385 m austan núverandi vegar. Nýr vegur mun liggja hornrétt út frá Norðausturvegi (85) til suðurs, um 15 m vestan við núverandi innkeyrslu að versluninni í Ásbyrgi. Fyrstu 300 m fylgir hún fyrirhuguðum lóðamörkum bygginga samkvæmt skipulagi. Milli stöðva 150-200 er kröpp beygja til hægri en síðan liggur vegurinn áfram í beinni línu til suðvesturs að núverandi Ásbyrgisvegi. Milli stöðva 500-700 er mjúk beygja til vinstri en frá stöð 720 að 820 liggur ný veglína á núverandi vegi.

Nokkrar vegtengingar liggja út frá nýjum vegi:

1. Í stöð 55 er gert ráð fyrir 56 m vegtengingu að versluninni.
2. Í stöð 145 er gert ráð fyrir 20 m langri vegtengingu að íbúðarhúsi.
3. Í stöð 302 er gert ráð fyrir 20 m langri vegtengingu að nýrri upplýsingamiðstöð, Gljúfrastofu.
4. Í stöð 752 er gert ráð fyrir um 5 m vegtengingu að tjaldsvæði.

Lega vegarins er samkvæmt samþykktu deiliskipulagi þjónustusvæðis innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum frá 30. september 2004.

Vegurinn verður að mestu lagður á fyllingu en grunnar skeringar verða á nokkrum stöðum meðfram honum.



**Mynd 1.** Horft yfir framkvæmdasvæðið í Ásbyrgi. Svarta línan á myndinni sýnir legu nýs vegar.

Nýja vegstæðið er allsstaðar á sléttlendi. Reiknað er með að framkvæmdasvæðið verði að jafnaði um 15-20 m breitt. Breiddin fer eftir hæð fyllinga og dýpt vegskeringa. Breiðast verður það 25 m, við syðri útboðsenda, milli stöðva 760-820, vegna skeringa beggja vegna vegarins.

Vegurinn verður af vegtegund C1, sem er 7,0 m breiður vegur með 6,5 m breiðri akbraut og bundum öxlum. Hönnunarhraði verður 30-50 km/klst.

Minnsti planbogi er 50 m milli stöðva 150-200 og mesti halli 3,5%. Halli í vegköntum á fyllingum verður 1:3.

Ræsi verður sett í stöð 160.

Búast má við að umferð um svæðið tejjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur. Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla.

### 3.2. EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið er um 11.420 m<sup>3</sup>. Verktaki má hvergi taka efni til vegagerðar nema úr vegskeringum og námu við Jökulsá. Þá verður um 500 m langur vegbútur núverandi Ásbyrgisvegur, frá Hringvegi að tjaldsvæði, fjarlægður og efni hans nýtt eins og kostur er í fyllingar og fláafleyga. Frekari upplýsingar um efnisþörf og efnistöku má sjá í töflum 1 og 2 hér fyrir neðan.

Áður en efnistaka úr vegskeringum og námum hefst verður öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á svæðinu ýtt í haug og geymt til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

**Tafla 1.** Efnisþörf

	<i>magn í m<sup>3</sup></i>
Klæðing	200
Efra burðarlagsefni	1.600
Neðra burðarlagsefni	5.000
Fyllingar og fláafleygar	4.620
<b>Samtals</b>	<b>11.420</b>

**Tafla 2.** Efnistaka

	<i>Klæðing magn í m<sup>3</sup></i>	<i>Efra burðarlag magn í m<sup>3</sup></i>	<i>Neðra burðarlag magn í m<sup>3</sup></i>	<i>Fyllingar og fláafleygar magn í m<sup>3</sup></i>	<i>Samtals m<sup>3</sup></i>
Náma A – núverandi vegur				4.420	4.420
Náma B – við Jökulsá	200	1.600	5.000		6.800
Skeringar				200	200
<b>Samtals</b>	<b>200</b>	<b>1.600</b>	<b>5.000</b>	<b>4.620</b>	<b>11.420</b>

#### Náma A – Núverandi vegur

Núverandi vegur frá vegamótum Norðaustursvegur að nýjum vegi verður fjarlægður. Einnig á að fjarlægja núverandi vestari veltengingu frá Norðausturvegi að bílastæði við verslunina Ásbyrgi. Efni af þessum stöðum á að nota í fyllingar og svæðið sléttað.

#### Náma B – Við Jökulsá

Náma B er opin náma á eyrum Jökulsár á Fjöllum, tæpa 2 km austan framkvæmdasvæðisins, fast norðan Norðausturvegar. Náman hefur verið notuð í mörg ár og er hún afmörkuð á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007. Efni í klæðingu og efra burðarlag er haugsett í námunni en vinna þarf efni í neðra burðarlag. Í dag er náman hálfbrágangin með haugum.

Náman er í fornan jökulársand sem talin er vera myndaður úr bæði stærrri og minni jökulhlaupum. Efnid er meðalgróf, sandborin ármöl.

Náman er nálægt Norðausturvegi og er áberandi frá veginum séð. Hinsvegar er efnistakan í jarðmyndun sem auðvelt er að ganga frá. Náman er því metin með mjög lágt verndargildi (5. flokkur), samkvæmt skilgreiningum Vegagerðarinnar.

### **3.3. FRÁGANGUR**

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Núverandi vegarkafli Ásbyrgisvegur sem liggur frá Hringvegi að tjaldsvæði verður fjarlægður. Einnig verður um 60 m langur vegbútur að verslun fjarlægður. Svæðin verða jöfnuð og sáð í þau gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Vegtengingar verða aðlagðar nýrri hæðarlegu vegarins.

Náma við Jökulsá verður áfram opin.

### **3.4. VINNUBÚÐIR**

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

## 4. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfispættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdapættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

### 4.1. VEGAGERÐ

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegarlagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

### 4.2. EFNISTAKA

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

Umhverfisáhrif efnistöku vegna þessarar framkvæmdar eru óveruleg. Efnistaka er lítil og náman er þegar opin.



## 5. LÝSING Á STAÐHÁTTUM

### 5.1. LANDSLAG

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningariti um námur, efnistöku og frágang. Framkvæmdin sjálf verður þó í fremur opnu landslagi, þar sem víðátta svæðisins norðan Norðausturvegar blasir við. Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber einkenni af landbúnaði. Tún eru í mynni byrgisins.

#### Áhrif á landslag

Landslaginu við vegarstæðið hefur þegar verið raskað með túnræktun og annarri mannvirkjagerð. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á landslagið, bæði á námusvæði og þar sem vegurinn liggur. Útsýni frá vegi mun e.t.v. breytast lítilsháttar. Hvergi eru stórar skeringar og náma er þegar opin.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta. Gert er ráð fyrir að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt.

### 5.2. LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Vegurinn liggur um land Skógræktar ríkisins en í umsjá Umhverfisstofnunar. Á framkvæmdasvæðinu eru ræktuð lönd og mun ný veglína liggja í jaðri túns milli stöðva 460-630. Lagnir liggja einnig um svæðið og þverar jarðsími veglínuna nálægt stöð 20 og vatnslögn við stöð 100. Þá mun ný veglína færast nær íbúðarhúsi .

#### Áhrif á landnotkun

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif á landnotkun á svæðinu sem hún liggur um. Ný veglína liggur í jaðri túns og mun því ekki hafa hindrunaráhrif. Hinsvegar mun verða meira ónæði af umferð yfir ferðamannatímann fyrir íbúa svæðisins. En til að hafa sem minnst áhrif á náttúrulegt umhverfi og halda opnum sjónlínunum inn í Ásbyrgi, er talið betra að mannvirkjagerð, þar með talin vegagerð, sé haldið innan takmarkaðs svæðis.

### 5.3. JARÐMYNDANIR OG VATN

Fyrirhuguð veglína liggur eingöngu um þurrlendi.

#### Áhrif á jarðmyndanir

Um er að ræða nýtt vegstæði. Eins og áður kom fram verður vegurinn að mestu lagður á fyllingu og því lítil hætta á að jarðmyndunum verði raskað.

#### Áhrif á vatn

Vegurinn liggur hvergi um votlendi. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

### 5.4. GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Stærstur hluti framkvæmdasvæðisins er gróið. Vegstæðið fer á stuttum kafla yfir gróið svæði í jaðri túns sem nú er nýtt sem golfvöllur. Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Landinu sem raskað verður við framkvæmdina hefur áður verið raskað með vega- og annarri mannvirkjagerð. Við könnun á matsskyldu framkvæmdarinnar kemur fram í bréfi Kelduneshrepps til Skipulagsstofnunar, að

norðan innkeyrslunnar inn á tjaldsvæðið séu grastegundir í langmest áberandi en í vegkantinum séu litlar breiður af rauðsmára, sem sé sjaldgæfur á svæðinu. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur einnig fram að nauðsynlegt sé að búsvæði rauðsmára verði ekki raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar kemur fram að stofnunin telji æskilegt að búsvæði rauðsmára verði afmarkað áður en framkvæmdir hefjast.

Hvað fuglalíf varðar þá er ekki um mikið varp að ræða á framkvæmdasvæðinu sjálfu. Þó er vitað til þess að m.a. hrossagaukur, þúfuttlingur, heiðlóa, stelkur og sandlóa verpi í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

#### **Áhrif á gróðurfar**

Gert er ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg. Ekki verður farið út fyrir fláafót og mun framkvæmdasvæðið ná að fyllingarfæti. Vegurinn verður lagður samkvæmt deiliskipulagi og mun hann fylgja núverandi vegi á þessu stað.

Í samtali við Hörð Kristinsson fléttufræðing hjá Náttúrufræðistofnun Íslands þann 25.11.2005 kom fram að rauðsmárin fannst á svæðinu við Ás í Kelduhverfi árið 1909, samkvæmt plöntugagnagrunni Náttúrufræðistofnunar. Rauðsmári er ekki innlend jurt heldur slæðingur sem breiðist út m.a. með grasfræi. Hann er skráður með mjög lágt náttúruverndargildi. Það er allt eins líklegt að hann hverfi af þessu búsvæði eins og hann verði þarna áfram. Frekari upplýsingar um hann má finna á vef Náttúrufræðistofnunar [www.floraislands.is](http://www.floraislands.is).

#### **Áhrif á fugla**

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg.

### **5.5. FRÍÐLÝST SVÆÐI**

Framkvæmdin liggur innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, en þjóðgarður er landsvæði sem ástæða þykir til að vernda vegna landslags, jarðmyndana, náttúrufars, fræðslu og útivistar. Í Náttúruminjaskrá stendur:

**Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum**, Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu var stofnaður með reglugerð sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 216/1973. Stækkaður samkvæmt reglugerð nr. 359/1993. Stærð 120 km<sup>2</sup>.

Við framkvæmdina verður reynt að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er. Í útboðsgögnum verður tekið fram að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

### **5.6. MENNINGARMINJAR**

Sigurður Bergsteinsson Minjavörður Norðurlands eystra hefur skoðað svæðið í mynni Ásbyrgis og skráð menningarmínjar. Mínjar á svæðinu liggja allar utan byggingalóða og annara svæði sem þar sem jarðrask er fyrirhugað samkvæmt deiliskipulagstillögu.

#### **Áhrif á fornminjar**

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir.

## 6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að framkvæmdin takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema að námu.
- Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda. Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það Umhverfisstofnun.
- Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins og girt verður að nýju þar sem hróflað verður við girðingum.
- Núverandi vegur, frá Norðausturvegi að tjaldsvæði verður fjarlægður og efni hans nýtt eins og hægt er í nýjan veg. Þá verður einnig núverandi vegbútur að verslun fjarlægður.
- Svæðið verður jafnað og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni.

## 7. NIÐURSTAÐA

- Leggja á nýjan veg 820 m langan veg frá Norðausturvegi inn að tjaldsvæði Ásbyrgis. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi.
- Núverandi vegur frá Norðausturvegi inn að tjaldsvæði verður fjarlægður.
- Efnistaka er fyrirhuguð úr:
  - námu við Jökulsá
  - efni úr núverandi vegarkafli sem leggst af
  - vegskeringum á vegsvæði.
- Framkvæmdin er undanþegin lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.
- Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd muni ekki hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

## 8. HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, febrúar 2005: Heimasíða Umhverfisstofnunar, [www.ust.is/natturuvernd/naturuminjaskra](http://www.ust.is/natturuvernd/naturuminjaskra).
3. Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, 3. desember 2003: 861 Ásbyrgisvegur, Norðausturvegur-Ásbyrgi. Ný leið samkvæmt deiliskipulagstillögu. Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu.
4. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni, Örn og Örlygur, Reykjavík. S. 521-522.

## 9. TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2005): Yfirlitsmynd.
- Teikning 2. Vegagerðin, (2005): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:2000.